

## Starfshópur um stíga í upplandi Hafnarfjarðar

Fundur 3. haldinn á Teams

13. apríl 2021

### Mættir:

Helga Ingólfssdóttir, formaður

Anna Karen Svövdóttir

Jón Atla Magnússon

Stefán Már Gunnlaugsson

Sigurður Pétur Sigmundsson

Frá umhverfis- og skipulagssviði

Helga Stefánsdóttir

Berglind Guðmundsdóttir

### Forföll:

### Gestir:

Fulltrúar hlaupahópa FH og Hauka sem og fulltrúi sumarhúsaeiganda í Sléttuhlíð.

### Fundarefni:

Í samræmi við ákvörðun fyrsta fundar þar sem ákveðið var að hafa á fyrstu stigum í vinnu starfshóps samráð við hagsmunahópa á svæðinu var fulltrúum frá Hlaupahópum FH og Hauka ásamt fulltrúa sumarhúsaeigenda í Sléttuhlíð.

#### Fulltrúar frá Hlaupahópi FH var Birna Björk Árnadóttir.

Birna Björk fór yfir það að hlaupahópur FH notar upplandið mjög mikið, Lækjarbotna, Gráhelluhraun, Hvaleyrarvatn, kringum Helgafell, Valaból, haustleið kringum Ásland. Einnig stíga á athafnasvæði Skógræktarfélagssins sem eru með kurlu. Félagar í Hlaupahópnum hafa verið að lenda í vandræðum vegna þess að stígur í gegnum Gráhelluhraun endar við reiðleið og þau lenda í um 100 metra kafla þar sem er óljóst hvar er best að fata til að komast yfir á aðra stíga – tryggja þarf greiða stígatengingu úr Setbergi. Birna vildi koma á framfæri að stígur við Stórhöfða er drullusvað sem þarf að laga.

#### Fulltrúar frá Hlaupahópi Hauka voru Stefán Georgsson og Hreiðar Júlíusson

Þeir tóku báðir undir með Birnu og bættu við að það vantar göngu og hjólaleið frá Völlum að Hvaleyrarvatni. Einnig að hlaupaleið sem Haukar nota mikið og kallast Hvítasunnuhlaupið er mjög vinsæl og það er mikilvægt að þverun yfir nýja Ásvallabraut verði góð. Þessi hlaupaleið er mikið notuð af mörgum hlaupahópum.

<https://hlaup.is/vidburdir/hvitasunnuhlaup-hauka-og-brooks-24-05-2021/>

Bent var á að stígar í dag eru á nokkrum stöðum komnir í mikla drullu – sbr við Valaból, Vatnshlíð og Stórhöfða. Mesta umferðin af fólki er við Hvaleyrarvatn.

Fulltrúi frá Félagi sumarhúsaeigenda í Sléttuhlíð var Katrín H. Árnadóttir.

Katrín lýsti ánægju sinni með að samráð væri haft við félagið og nefndi sérstakleg mikilvægi þess að bæta merkingar og gera kort af svæðinu í sléttuhlíð. Þarna væru margar gönguleiðir og tengingar við gamlar þjóðleiðir sem margir vissu ekki um og kort sem sýndi þessar leiðir og lengd þeirra myndi vera mjög til bóta. Ákveðið var að gefa félagsmönnum kost á að koma á framfæri frekari athugasemdum ef einhverjar eru. Katrín mun senda frekari ábendingar.

Skilti, fræðsla og merkingar voru til umræðu og forgangsroðun verkefna.

Milli funda:

- Póstur sendur á hagsmunaaðila varðandi umræðuefni og boð til fundar - Bjartur og Brettafélagið kl 8:20 - KFUM-K og Skátarnir kl 8:50

Næsti fundur e 2 vikur

Ritað/ Helga Ingólfssdóttir.